

TEIKNINGIN AF MOSFELLSKIRKJU

ERINDI 15. MARS 2015

Vegfarendur um Mosfellsdal veita athygli sérkennilegri byggingu sem vakir yfir byggðinni í dalnum á hinum forna kirkjustað, Mosfelli. Þetta óvenjulega guðshús, sem senn verður hálftrar aldar gamalt, er með athyglisverðari dæmum í þróunarsögu kirkjubygginga hér á landi. Sagan af því hvernig að kirkjuhúsið fékk á sig þessa mynd er ekki síður forvitnileg en aðdragandinn að byggingunni sjálfri. Svo vel vill til að fundargerðarbók byggingarnefndar hefur varðveist, samviskusamlega skráð af Jónasi Magnússyni í Stardal. Fundargerðirnar eru mikilvæg heimild um tilurð teikningarinnar af Mosfellskirkju, en flestum lýkur þeim með eftirfarandi orðum : *„Fleira ekki tekið fyrir – fundi slitið. Síðan sest að kaffidrykkju í boði prestshjónanna á Mosfelli.“*

Alkunn er sagan af því hvernig það kom til að Mosfellskirkja var eldurreist fyrir 50 árum síðan. Kirkjurnar að Mosfelli og Gufunesi voru aflagðar og rifnar árið 1888 þegar sóknirnar voru sameinaðar. Ný, sameiginleg kirkja reis ári síðar á Lágafelli, misvæðis í byggðinni. Gamla Mosfellskirkjan, sú sem rifin var, var timburkirkja, smíðuð 1853 af Bjarna Jónssyni snikkara. Hann smíðaði tvær kirkjur í Grímsnesi sem enn standa, Mosfellskirkju og Búrfellskirkju. Sameining sóknanna og niðurrif kirkjunnar á Mosfelli var andstæð vilja margra bænda í Mosfellsdal. Þessi saga er rauður þráður í seinni hluta Innansveitarkróníku Halldórs Laxness, en í þeirri bók er kirkjan að Mosfelli ein aðalpersóna verksins. Munaðarlaus drengur, Stefán Þorláksson að nafni, ólst upp á Hrísbú þar sem klukka hinnar horfðu kirkju var geymd. Hann eignaðist jörðina Reykjahlíð árið 1933 og seldi hana Reykavíkurbæ 1947 ásamt heitavatnsréttindum. Á þessum og fleiri viðskiptum efnaðist hann vel og byggði sér íbúðarhúsið Reykjadal í Mosfellsdal, ásamt gróðurhúsum. Hann var hreppstjóri um skeið, framtakssamur og vinsæll í sinni sveit. Stefán, sem var ókvæntur og barnlaus, lést í júlí 1959. Í erfðaskrá gaf hann meirihluta eigna sinna til kirkjubyggingar að Mosfelli í Mosfellsdal.

Þann 24. mars 1960 skipaði þáverandi biskup yfir Íslandi, hr. Sigurbjörn Einarsson framkvæmdar- og byggingarnefnd samkvæmt erfðaskrá og dánarbréfi Stefáns Þorlákssonar um endurreisn Mosfellskirkju í Mosfellsdal. Í nefndinni áttu sæti: Oddur

Ólafsson læknir á Reykjalundi, Ólafur Þórðarson hreppsstjóri Varmalandi, Ólafía Andrésdóttir húsfreyja Laugabóli, Jónas Magnússon Stardal og sr. Bjarni Sigurðsson sóknarprestur. Á fyrsta fundi nefndarinnar með biskupi 4. apríl 1960 var fært til bókar það álit nefndar og biskups að ... „*kirkjan ætti að vera í hreinum stíl og beinum*“. Fyrsta verkefnið var láta gera teikningu af kirkjunni. Ákvað nefndin að hittast á skrifstofu biskups til að skoða teikningar og myndir til hliðsjónar væntanlegrar teikningar eins og það er orðað.

Á næsta fundi byggingarnefndar, 6. apríl 1960, kom fram hugmynd um að efna til verðlaunasamkeppni um kirkjuteikninguna í samráði við Arkitektafélagið. Slík opin samkeppni um hönnun kirkjubyggingar hafði þá ekki verið haldin síðan 1943, þegar boðin var út keppnin um Neskirkju. Með samkeppninni um Neskirkju urðu kaflaskil í hönnun kirkjubygginga hér á landi. Steinsteypukirkjur höfðu fram til þess verið reistar með hefðbundnu langkirkju-formi, ýmist í nýrómönskum eða nýgotneskum stíl, með eða án forkirkjuturns. Í Neskirkju voru notagildissjónarmið í fyrsta sinn lögð til grundvallar í mótun heildarforms og innra skipulags kirkju án vísunar í sögulegar stílgerðir. Neskirkju má kalla fyrstu íslensku nútímakirkjuna en verðlaunateikning Ágúst Pálssonar arkitekts var umdeild á sínum tíma. Jónas Jónsson frá Hriflu lýsti því yfir í blaðagrein árið 1943 að slík samkeppnisútboð væru dæmd til að mistakast. Í reynd var það svo að velflestar nýjar kirkjur á fyrra helmingi 20 aldar voru teiknaðar hjá embætti húsameistara ríkisins. Eftir að Guðjón Samúelsson var skipaður til þess árið 1920 teiknaði hann ásamt samstarfsmönnum nær allar kirkjubyggingar hér á landi næstu þrjá áratugi, en Guðjón lést 1950. Meðal þekkra kirkna Guðjóns eru Kristskirkja, Akureyrarkirkja, Laugarneskirkja og Hallgrímskirkja í Reykjavík.

Árið 1954 var Hörður Bjarnason arkitekt skipaður húsameistari ríkisins. Eitt af fyrstu verkefnum hans var að teikna nýja dómkirkju í Skálholti. Verkefnið var vandasamt, krafan var að kirkjan væri í stíl við eldri kirkjur staðarins en jafnframt átti útfærslan að bera samtíð sinni vitni. Auk Skálholtskirkju gerði Hörður uppdrætti af fleiri kirkjum á 6. áratugnum ásamt samstarfsmönnum. Sveitakirkjur hans voru með hefðbundnu sniði, langskipi og turni, t.d. Reykhólakirkja í Barðastrandarsýslu (1957) og Valþjófsstaðarkirkja (1958). Í tillögu að Langholtskirkju í Reykjavík frá 1956 kvað við nýjan tón, þar sem tjald- eða þríhyrningslag varð ráðandi. Enn óvenjulegri var svo teikning Harðar af Kópavogskirkju frá 1958, þar sem grunnformið var jafnarma kross

með fleigbogamynduðum hvelfingum. Aðstoðarmaður Harðar við hönnun Kópavogskirkju var Ragnar Emilsson arkitekt.

En aftur að Mosfellskirkju. Í maímánuði árið 1960 lá fyrir að ekki væri hægt að byrja framkvæmdir þá um sumarið ef farið yrði í samkeppni. Biskup mælti með fundi með Herði Bjarnasyni húsameistara ríkisins, sem taldi embættið geta framkvæmt teikningarnar yrði þess óskað. Eftir fund með Herði var bókað að nefndinni litist best á kirkjuteikningu af Reykhólakirkju. Engu að síður varð það niðurstaða nefndarinnar að efna til samkeppni um teikninguna í samvinnu við Arkitektafélagið með því skilyrði að minnst sex tækju þátt.

Í nóvember 1960 kaus Arkitektafélagið arkitektana Hannes Davíðsson og Gunnlaug Pálsson í dómnefnd í samkeppni um Mosfellskirkjuteikningu. Byggingarnefndin tilnefndi Sigurbjörn Einarsson biskup, sr. Bjarna Sigurðsson sóknarprest og Einar Erlendsson húsameistara. Niðurstaða dómnefnar lá fyrir í apríl 1961 en alls bárust 26 tillögur í keppnina. 1. verðlaun hlutu Ormar Þór Guðmundsson og Birgir Breiðdal sem báðir voru við nám í arkitektúr við tækniháskólann í Stuttgart í Þýskalandi. 2. verðlaun hlutu arkitektarnir Guðmundur Kr. Kristinsson og Manfreð Vilhjálmsen en 3. verðlaun Hörður Björnsson byggingafræðingur. Þegar úrslit lágu fyrir voru allar samkeppnisteikningarnar hengdar upp í Hlégarði, almenningi til sýnis. Byggingarnefndin taldi að ekki væri hægt að fallast á neina af þessum teikningum nema með miklum breytingum, bæði í gerð og útliti. Formanni nefndarinnar var því falið að gera fyrirspurn til höfundar 1. verðlaunateikningar um ákveðnar breytingar, m.a. óskað eftir súlu eða turni og gangi eftir miðju gólfi.

Í júní 1961 hafði svar höfunda verðlaunatillegginnar borist frá Þýskalandi um að eigi fengist að breyta eða raska svip og útliti kirkjuteikningarinnar. Aðeins gæti komið til greina breyting á klukknaportinu. Var það samhjóða álit nefndarmanna að ekki væri hægt að nota þessa teikningu án breytinga. Fyrstu verðlaunateikningin kom því ekki til greina. Ein var sú samkeppnisteikning sem ekki náði viðurkenningu dómnefnar en „... féll flestum í Mosfellsdal best í geð bæði að svip og gerð ...“ eins og komist var að orði. Höfundur hennar var Ragnar Emilsson arkitekt. Byggingarnefndin í aðalatriðum ánægð með þessa tillögu. Var sr. Bjarna sóknarpresti falið að ræða við biskup um teikningu Ragnars og mögulega breytingu á henni. Á fundi með

byggingarnefnd féllst Ragnar á að breyta nokkrum atriðum. Lá endurskoðuð teikning fyrir í október 1961 og var hún samþykkt af nefndinni. Jafnframt rituðu 53 Mosfellsdalsbúar undir bréf um samþykki uppdráttar af Mosfellskirkju í Mosfellsdal. Það voru því, í reynd, íbúarnir í dalnum sem völdu teikninguna af kirkjunni, þvert á niðurstöðu hinnar formlegu dómnefndar. Verður það að teljast merkilegt dæmi um íbúðalýðræði árið 1961.

Höfundur hinnar útvöldu teikningar af Mosfellskirkju, Ragnar Emilsson (1923–1990), var fæddur árið 1923 í Kaupmannahöfn, sonur Emils Jónssonar verkfræðings og síðar ráðherra og Guðfinnu Sigurðardóttur. Eftir stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1944 hélt Ragnar til Svíþjóðar til þess að stunda nám í húsagerðarlist, fyrst í Stokkhólmi en síðar við tækniháskólann í Gautaborg. Ragnar vann um skeið á teiknistofum í Svíþjóð með náminu. Árið 1948 kvæntist hann Sigrúnu Jónsdóttur vefnaðarlistakonu frá Vík í Mýrdal og eignuðust þau tvö börn: Sigurborgu og Emil. Þau fluttust heim 1953. Fyrst eftir heimkonuna starfaði Ragnar sjálfstætt en síðan hjá embætti húsameistara ríkisins frá 1957 til dánardags 1990, alls í 33 ár. Ragnar er kunnastur fyrir kirkjuteikningar sínar. Þær helstu eru: Mosfellskirkja (1961–65), Stóra-Dalskirkja V. Eyjafjöllum (1969), Þykkvabæjarkirkja (1972) og Grindavíkurkirkja (1982). Kópavogskirkju (1958–62) og Hafnarkirkju í Hornafirði (1962) teiknaði Ragnar sem aðstoðarmaður Harðar Bjarnasonar húsameistara. Auk þess hannaði Ragnar breytingar á mörgum eldri kirkjum, m.a. sá hann um endurbyggingu Garðakirkju á Álftanesi. Af öðrum byggingum Ragnars Emilssonar má nefna félagsheimilið Festi í Grindavík (1972) og Dvalarheimili aldraðra og heilsugæslustöð í Borgarnesi (1971-1976). Einnig teiknaði hann Alþýðuhúsið á Sauðárkróki, lögreglustöð á Akureyri (1963) og Ráðhús á Höfn í Hornafirði (1973).

Í minningargrein um föður sinn í Morgunblaðinu 6. október 1990 kemst Emil J. Ragnarsson læknir svo að orði um Mosfellsfellskirkju : „*Hugmyndina að tígulegum formum Mosfellskirkju fékk faðir minni frá ár- og jökulsvorfnunum fjallatoppunum sem gnæfa upp af norðurhlíðum Mosfellsdals svo fátt eitt sé nefnt. Þannig las faðir minn form guðshúsa úr rúnum ísaldar.*“

Hvort Ragnar arkitekt var í reynd að líkja eftir jökulsvorfnunum fjallatoppum Esjunnar er hann mótaði form Mosfellskirkju skal ósagt látið. Hitt er ljóst að byggingin fellur

vel að staðháttum og umhverfi í Mosfellsdal þar sem tignarlegar fjallshlíðar mynda bakgrunninn. Mosfellskirkja er án vafa eitt merkasta og frumlegasta verk Ragnars Emilssonar í listrænu tilliti og sú bygging hans sem líklegust er til að halda nafni hans á lofti um langa tíð. Sjálf kirkjan er ekki stór að grunnfleti en þó nægilega háreist til að auðkenna hinn forna kirkjustað í landslaginu. Öðrum þræði ber byggingarlist kirkjunnar merki sinnar samtíðar, áratugar geimferða, vísinda og framfara þegar allt átti að verða mögulegt með hjálp nýjustu tækni. Þessu til marks er létt, svífandi þakið sem hvergi snertir veggina og keilulaga turninn sem rís líkt og eldflaug upp af þremur mjóum burðarsúlum yfir altarinu. En form Mosfellskirkju er ekki bara nýstárlegt og framandi. Það felur jafnframt í sér kunnugleg tákni sem tengjast kirkju og trú. Með því að setja turninn við annan enda kirkjuskipsins gaf arkitektinn byggingunni stílfærðan svip hefðbundinnar sveitakirkju með rislaga þaki og háreistum turni við endastafn. Trúlega átti þessi augljósa vísun í hefðbundið kirkjulag þátt í því að teikningin náði hylli sveitunga umfram aðrar í samkeppninni 1961. Engin sem leið á um Mosfellsdal þarf að velkjast í vafa um að þessi bygging sé kirkja sveitarinnar. Þríhyrningsformið er leiðarstef í allri byggingunni. Allir fletir sem mynda húsið eru þríhyrnir : grunnurinn, gólf, veggir og þök. Þegar komið er í átt að kirkjunni minnir austurendi hennar á skipsstafn, annað kunnuglegt minni úr vestrænni kirkjuhefð. Í bakgrunni sést hafið við sjónarrönd. En eins og í allri góðri byggingarlist eru þessar vísanir ekki bókstaflegar, formið býður upp á margræða túlkun án þess að gefa eitt ákveðið til kynna.

Mosfellskirkja skipar þann sess í íslenskri byggingarsögu að vera ein fyrsta kirkjan þar sem nýstárlegt burðarform var notað til að gefa byggingunni listræna sérstöðu og trúarlegt innihald. Hugmyndin kemur fram í kjölfar Kópavogskirkju, sem að hluta til er sköpunarverk sama höfundar. Áður hafði Hannes Kr. Davíðsson arkitekt teiknað Bjarnaneskirkju í Nesjum, Hornafirði, með kirkjuskipi í líki steyptrar bogahvelfingar og píramítalaga formi yfir kór, en sú bygging var ekki kláruð fyrr en 1976. Ólafsvíkurkirkja eftir Hákon Hertervig arkitekt var teiknuð á sama ári og Mosfellskirkja en vígð tveimur árum síðar. Þar er þríhyrningsformið leiðarstef í allri byggingunni, líkt og á Mosfelli, en útfærslan er öllu margbrotnari. Styrkur Mosfellskirkju frá sjónarhóli byggingarlistar liggur að mínu mati í samhjómi hennar við umhverfi sitt og því hvernig skýr og einföld formhugmyndin tekur á sig óvenju fjölbreytilegar myndir frá mismunandi sjónarhornum séð, framúrstefnuarkitektúr

geimaldar sem nú er orðinn hluti af sögunni, þrívítt abstraktmálverk með óbeinum vísunum í kunnugleg kirkjuleg tákn og fyrirmyndir, fagurlega staðsett á merkjum sögustað í íslenski sveit.

Pétur H. Ármannsson

Höfundur er arkitekt og starfar sem sviðsstjóri hjá Minjastofnun Íslands.